Ársskýrsla 2012

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is
www.logreglan.is
www.almannavarnir.is
Ritstjórn: Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir, verkefnastjóri
Yfirmenn sviða og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið
Hönnun forsíðu: Grafika ehf.
Ljósmyndir: Júlíus Sigurjónsson, Ágúst Sigurjónsson o.fl.
Útgefið: Maí 2013

Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2012

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli 6
Starfsmenn lögreglunnar 7
Starfsmenn lögreglunnar, greindir eftir kyni 8
Hlutverk 10
Skipulag embættisins 10
Starfsmannamál 11
Umbótahópur ríkislögreglustjóra 11
Rekstrarsvið 12
Bílamiðstöð 12
Upplýsingatæknideild 14
Löggæsla og öryggi 15
Almannavarnadeild 15
Alþjóðadeild 18
Fjarskiptamiðstöð 20
Greiningardeild 20
Sérsveit 21
Tæknistofa 22
Stjórnsýslusvið 23
Þróun og mannauður 23
Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra 25
Stoðdeild 26
Lögfræðideild 27

Formáli

Á árinu 2012 átti ég fundi með lögregluliðum landsins, heimsótti embættin og ræddi við lögreglumenn. Fram kom sú skýra afstaða lögreglumanna að niðurskurður fjárveitinga undanfarinna ára væri orðinn svo verulegur að í óefni stefndi. Gerði ég innanríkisráðherra grein fyrir stöðu mála og lagði til að fé yrði veitt til málaflokksins og sérstök áhersla yrði lögð á að styðja lögregluliðin á landsbyggðinni. Tvö hundruð milljónum króna var varið til lögreglunnar samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Í mars sl. skilaði nefnd fulltrúa stjórnmálaflokka og embættismanna, þ. á m. ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna, tillögum til ráðherra vegna stöðu lögreglunnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að staðan væri grafalvarleg. Svo hún gæti orðið viðunandi þyrfti að veita til hennar alls 3,5 milljörðum króna umfram verðlagshækkanir fjárlaga á næstu fjórum árum. Nefndin lagði ríka áherslu á eflingu lögreglunnar og eru sett fram forgangsatriði í nokkrum liðum. Fjölga þarf almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögregluefitirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun. Áhersla verði lögð á að efla lögregluna utan höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega almenna löggæslu og styrkja sérhæfðar deildir. Gert er ráð fyrir að fjölga lögreglumönnum í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild lögreglustjórans á Suðurnesjum. Verja þarf um 1,1 milljarði króna til búnaðarkaupa og þjálfunar lögreglumanna á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan á þjálfun lögreglumanna og búnaður endurnýjaður með reglubundnum hætti.

Samstaða er á meðal fulltrúa stjórnmálaflokkanna og lögreglunnar um stöðu, fjárþörf og framtíðarskipulag lögreglunnar. Nefndinni er ætlað að semja löggæsluáætlun til framtíðar á grundvelli stefnumörkunar nefndarinnar og er sú vinna þegar hafin.

Apríl 2013
Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Starfsmenn lögreglunnar

Alls voru 656 lögreglumenn (sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2012. Þar við bætast 63 héraðslögreglumenn og 40 lögreglunemar voru við nám í Lögregluskólanum í byrjun árs 2012. Hafa ber í huga að sérstakur saksóknari er nú talinn með í þessari skýrslu, ólíkt skýrslum fyrri ára.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2012 eftir starfsstigum

	Yfirlögreglubjónn	Aðstoðaryfirlögreglubjónn	Aðalvarðstjóri/Lögreglufulltrúi	Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1	0	1	4	0	3	0	9	0		9
Akureyri	1	0	2	12	1	16	0	32	2		34
Blönduós	1	0	0	2	0	2	0	5	7		12
Borgarnes	1	0	1	3	0	3	0	8	10		18
Eskifjörður	1	0	2	3	0	8	0	14	12		26
Húsavík	1	0	0	3	0	4	0	8	4		12
Hvolsvöllur	1	0	0	2	0	5	0	8	2		10
Höfuðborgarsvæðið	4	11	32	149	0	107	0	303	0		303
Lögregluskólinn	2	0	5	0	0	0	0	7	0	40	47
Ríkislögreglustjórinn	3	8	18	20	0	30	0	79	0		79
Sauðárkrókur	1	0	0	2	0	4	0	7	4		11
Selfoss	1	1	1	10	0	14	0	27	0		27
Seyðisfjörður	1	0	1	2	1	2	0	7	8		15
Sérstakur saksóknari	0	3	29	0	0	0	0	32	0		32
Snæfellsnes	1	0	1	2	0	2	0	6	5		11
Suðurnes	1	6	15	27	1	27	0	77	0		77
Vestfirðir	1	1	3	5	0	6	3	19	9		28
Vestmannaeyjar	1	0	1	4	0	2	0	8	0		8
Samtals	**23**	**30**	**112**	**250**	**3**	**235**	**3**	**656**	**63**	**40**	**759**

Starfsmenn lögreglunnar, greindir eftir kyni

Í töflu 2 má sjá hlutfall lögreglumanna, greint eftir kyni og starfsstigum. Meirihluti starfsmanna lögreglunnar (lögreglumenn og héraðslögreglumenn) eru karlar, eða um 87,4%. Á meðal starfandi óbreyttra lögreglumanna eru 86% karlar en 14% konur. Hlutfall kvenna er hæst meðal lögreglufulltrúa (21%) af starfsstigum lögreglunnar.

Tafla 2. Starfsmenn lögreglunnar, greindir eftir kyni

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Aðalvarðstjóri	35	1	36	97,2	2,8
Aðstoðarvarðstjóri	3	0	3	100,0	0,0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	29	1	30	96,7	3,3
Afleysingamaður	3	0	3	100,0	0,0
Héraðslögreglumaður	56	7	63	88,9	11,1
Lögreglufulltrúi	60	16	76	78,9	21,1
Lögreglumaður	202	33	235	86,0	14,0
Lögreglunemi	28	12	40	70,0	30,0
Rannsóknarlögreglumaður	91	17	108	84,3	15,7
Varðstjóri	133	9	142	93,7	6,3
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	100,0	0,0
Samtals	**663**	**96**	**759**	**87,4**	**12,6**

Samtals unnu lögreglumenn 632 ársverk á árinu 2012. Borið saman við árið á undan nemur þetta um 6% fækkun ársverka. Ef litið er hins vegar til ársins 2010 hefur ársverkum fækkað um rúm 4%.

Með fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna í hverjum mánuði, þar með töldum launum vegna afleysinga, veikinda, lausnar frá starfi og orlofs, launum þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka og deilt er í hana með 12 mánuðum miðað við hvert ár.



Mynd 1. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2010–2012.

Ríkislögreglustjóri

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna, í umboði innanríkisráðherra.

Skipulag embættisins



Þrjú svið eru hjá embætti ríkislögreglustjóra: löggæslu- og öryggissvið, stjórnsýslusvið og rekstrarsvið. Undir löggæslu- og öryggissvið embættisins falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild, tæknistofa og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsýslusvið falla lögfræðideild, þróun og mannauður, stoðdeild og peningaþvættisskrifstofa. Undir rekstrarsvið falla fjármál og rekstur, rekstur bílamiðstöðvar og upplýsingatæknimál. Yfirstjórn embættisins er í höndum ríkislögreglustjóra og sviðsstjóranna þriggja.

Starfsmannamál

Hjá embætti ríkislögreglustjóra störfuðu 111 starfsmenn í lok árs 2012, þar af voru 94 karlmenn og 17 konur. Af þessum 111 starfsmönnum voru lögreglumenn 78 talsins og borgaralegir starfsmenn 33. Starfsmannavelta[1] var 6% á árinu 2012. Sex starfsmenn hurfu til annarra starfa, þrjár konur og þrír karlmenn.

Umbótahópur ríkislögreglustjóra

Í september 2012 var rýnihópur settur á laggirnar en honum var ætlað að rýna niðurstöður úr könnun á stofnun ársins. Í hópnum voru 15 starfsmenn, úr öllum deildum, tilnefndir af samstarfmönnum sínum. Í kjölfar þeirrar vinnu var stofnaður umbótahópur í nóvember 2012, sem er ætlað að fylgja eftir þeim tillögum sem rýnihópur lagði til og fylgjast með framgangi verkefna.

[1] Starfsmannavelta miðast við raunveltu, það er aðeins þeir starfsmenn sem sögðu upp sjálfir (en ekki þeir sem hættu vegna aldurs, veikinda eða af öðrum orsökum).

Rekstrarsvið

Heildarrekstrarkostnaður embættis ríkislögreglustjóra var rúmlega 1,4 milljarðar króna á árinu 2012.

Tafla 3. Útgjaldaþróun ríkislögreglustjóra árin 2007–2012 í milljónum króna

Gjaldaliðir	2008	2009	2010	2011	2012
Laun	987.858	956.326	983.496	1.033.640	1.010.630
Ferðir og fundir	49.807	34.098	24.570	37.070	41.854
Rekstrarvörur	42.097	54.294	35.333	37.007	34.638
Aðkeypt þjónusta	223.070	202.179	212.449	236.346	207.497
Húsnæði	85.543	103.235	95.571	99.873	35.456
Bifreiðar og vélar	41.558	46.862	52.320	54.075	56.184
Vextir, bætur, skattar	1.123	640	3.069	2.158	5.954
Eignakaup	18.282	31.815	23.300	43.901	21.476
Tilfærslur	10.326	9.745	122	531	100
Rekstrarkostnaður alls	**1.459.664**	**1.439.194**	**1.430.230**	**1.544.601**	**1.413.789**
Sértekjur alls	-129.582	-124.830	-111.206	-222.780	-198.186
Markaðar tekjur					
Gjöld umfram sértekjur	**1.330.082**	**1.314.364**	**1.319.024**	**1.321.821**	**1.215.603**

Bílamiðstöð

Á árinu 2012 voru alls um 145 ökutæki hjá embættum lögreglunnar og hefur þeim fækkað um 15 frá árinu 2008.

Ríkislögreglustjóri ásamt Ríkiskaupum stóð að útboðsmálum fyrir bílamiðstöð ríkislögreglustjóra á árinu 2012. Í byrjun árs hófst vinna við útboð á hjólbörðum, nýkaup og þjónustu varðandi þá. Niðurstaða útboðsins var sú að samið var við þrjá þjónustuaðila: Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns, Brimborg og N1. Samhliða þessu var

hafin vinna við útboð á standsetningu nýrra ökutækja, kaupum og þjónustu á búnaði lögregluökutækja og almennum viðgerðum. Því útboði lauk í nóvember og var samið við RadióRaf, Múlaradió, Brimborg og N1.

Í október 2012 voru pantaðar 10 nýjar lögreglubifreiðar sem teknar verða í notkun hjá sjö lögregluliðum, en ríkislögreglustjóri hefur keypt um 15 lögreglubifreiðar á hverju ári. Bifreiðarnar verða útbúnar fullkomnum sérbúnaði fyrir lögreglu. Frá árinu 2008 til 2012 hefur meðalaldur ökutækja hækkað úr 3,2 árum í 3,9 ár. Markmið ríkislögreglustjóra hefur verið að meðalaldur lögreglubifreiða sé um 3 ár. Vegna útboðsmála varð töluverð töf á að hægt væri að hefja standsetningu á nýjum ökutækjum fyrir lögregluna á árinu 2012.

Nýjar reglur um ökutæki lögreglunnar tóku gildi þann 1. október 2012. Samfara nýjum reglum skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp þriggja manna sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með að þau ökutæki sem taka skal í notkun hjá lögreglu standist nauðsynlegar kröfur, mælingar og prófanir sem mælt er fyrir um í reglum um ökutæki lögreglunnar. Starfshópurinn skal skipaður fulltrúum frá ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórafélagi Íslands og Landssambandi lögreglumanna. Starfshópnum er heimilt að kalla til sérfræðinga til aðstoðar. Lögreglustjórar geta leitað til starfshópsins um atriði er lúta sérstaklega að ökutækjum lögreglu og búnaði í þeim. Ríkislögreglustjóri heldur skrá yfir tjón sem verða á ökutækjum og búnaði lögreglunnar. Í töflu 4 kemur fram að kostnaður við tjón hefur dregist saman um tæp 37% frá árinu 2011 til ársins 2012.

Tafla 4. Fjöldi tjóna og kostnaður vegna þeirra árin 2008–2012

Ár	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi tjóna	168	108	96	80	33
Kostnaður vegna tjóna	13.060.309 kr.	5.394.219 kr.	8.332.279 kr.	7.360.501 kr.	4.646.475 kr.

Það er mat starfshópsins að fækkun tjóna megi m.a. rekja til þess að akstur ökutækja lögreglunnar hefur dregist verulega saman, til þess að námskeið í forgangsakstri skili betra vinnulagi og breyttu hugarfari, til aðhalds frá starfshópi ríkislögreglustjóra og samvinnu hans við lögreglustjórana og aukins öryggisbúnaðar á lögregluökutækjum sem halda skemmdum í lágmarki.

Akstur lögregluembætta árin 2007–2012

Í töflu 5 er að finna yfirlit yfir fjölda ekinna kílómetra árin 2007 til 2012, greint eftir embættum. Heildarakstur á árinu 2012 var 3.648.203 km og hefur akstur því dregist saman um tæp 34% hjá lögreglunni frá árinu 2007 en þá var hann 5.521.861 km. Aksturinn hefur dregist saman hjá öllum embættum, að undanskildum Lögregluskóla ríkisins. Hjá embættinu í Borgarnesi dró mest úr akstri, eða um 59% frá árinu 2007 til ársins 2012.

Tafla 5. Eknir kílómetrar hjá lögregluembættunum árin 2007–2012

Lögregluembætti	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Þróun %
Akranes	146.031	136.463	93.919	71.400	65.092	67.323	-54%
Akureyri	349.041	315.348	244.042	211.572	210.351	217.408	-38%
Blönduós	190.091	151.909	127.328	105.160	111.073	96.665	-49%
Borgarnes	232.073	225.893	112.196	127.322	108.281	95.498	-59%
Eskifjörður	272.395	248.137	181.311	166.240	161.524	149.325	-45%
Húsavík	152.085	147.660	158.052	113.570	111.234	99.554	-35%
Hvolsvöllur	226.336	226.205	186.747	213.332	176.414	145.986	-36%
Höfuðborgarsvæðið	1.995.886	1.815.038	1.652.647	1.539.380	1.383.355	1.357.251	-32%
Lögregluskólinn	9.763	11.304	9.818	8.853	13.417	29.510	202%
Ríkislögreglustjóri	448.407	410.993	420.117	436.919	412.783	325.118	-27%
Sauðárkrókur	88.457	73.244	61.623	52.067	43.887	40.926	-54%
Selfoss	338.642	328.410	304.324	257.184	254.601	262.113	-23%
Seyðisfjörður	161.103	152.957	142.247	110.131	107.009	97.659	-39%
Snæfellsnes	128.948	129.763	108.047	110.621	108.092	111.292	-14%
Suðurnes	451.422	455.251	470.120	479.996	462.173	387.311	-14%
Vestfirðir	267.802	251.629	194.430	171.279	171.013	120.775	-55%
Vestmannaeyjar	63.379	57.374	54.386	48.395	42.216	44.489	-30%
Samtals	**5.521.861**	**5.137.578**	**4.521.354**	**4.223.421**	**3.942.515**	**3.648.203**	**-34%**

Upplýsingatæknideild

Starfsemi upplýsingatæknideildar ríkislögreglustjóra var með hefðbundnu sniði á árinu 2012. Megináhersla var lögð á frekari uppbyggingu miðlægra hluta tölvunets lögreglunnar og eflingu netvarna. Lokið var við að leggja niður alla netþjóna hjá lögregluembættum utan höfuðborgarsvæðisins á árinu og allir þeir sem tengjast víðneti lögreglunnar skrá sig nú inn á sameiginlegan þjón í tölvumiðstöð ríkislögreglustjóra. Þetta tryggir til muna tölvurekstur úti í embættunum og auðveldar starfsmönnum þeirra að flytjast á milli starfsstöðva.

Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Frá september til áramóta 2012 var fjórum sinnum lýst yfir almannavarnaástandi á landinu. Mikið veðuráhlaup gekk yfir Norðurland dagana 9.–11. september. Rafmagnsleysi og ófærð varð allt frá Vatnsskarði í vestri austur á Melrakkasléttu. Ríkislögreglustjóri lýsti yfir neyðarstigi almannavarna 11. september á Norðausturlandi vegna afleiðinga óveðursins, að höfðu samráði við lögreglustjórann á Húsavík. Hætta var talin á gríðarlegu eignatjóni og fjárskaða í umdæminu ef ekki yrði strax brugðist við ástandinu. Í september og október gengu jarðskjálftahrinur yfir úti fyrir Norðurlandi. Stór jarðskjálfti af stærðinni 5,6 varð þann 21. október og fannst hann um allt Norðurland og víðar. Hrinan, sem hófst í kjölfarið, er sú öflugasta sem mælst hefur í 20 ár á þessu svæði. Þann 24. október lýsti ríkislögreglustjóri yfir óvissustigi vegna jarðskjálfta úti fyrir Norðurlandi að höfðu samráði við lögreglustjórana á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki og vísindamenn. Stór jarðskjálfti á Húsavíkur-Flateyjarmisgenginu gæti hleypt af stað öðrum stórum skjálfta, annaðhvort á sama misgenginu eða á Grímseyjarbeltinu, sem liggur til norðvesturs frá Kópaskeri. Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi almannavarna 22. nóvember í samráði við lögreglustjórana á Eskifirði og Hvolsvelli vegna mælinga sem gáfu til kynna jökulhlaup og aukið vatnsrennsli úr Grímsvötnum. Um minni háttar atburð var að ræða og var óvissustigi aflétt 30. nóvember vegna jökulhlaupsins. Þann 28. desember ákvað ríkislögreglustjóri að lýsa yfir hættustigi almannavarna vegna óveðurs sem spáð var á vestan- og norðanverðu landinu að höfðu samráði við lögreglustjórana á Selfossi, Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Borgarfirði og Dölum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík. Mikið óveður geisaði frá Mýrum um Vesturland, Vestfirði og austur á Tröllaskaga. Verst var veðrið á Vestfjörðum og og af því hlaust víðtækt rafmagnsleysi og samgöngur rofnuðu.

Snjóflóð og rýmingar

Í janúar, nóvember og desember var lýst yfir óvissu- og hættustigi vegna snjóflóðahættu á landinu. Í janúar og nóvember var hætta á snjóflóðum á norðanverðum Vestfjörðum og á Miðnorðurlandi. Í lok desember var hætta á snjóflóðum á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum.

Hópslys á sjó

Hvalaskoðunarbátur strandaði við Lundey á Skjálfandaflóa 2. ágúst og óskaði eftir aðstoð. Um borð voru 32 farþegar auk 3 manna áhafnar. Um klukkustund tók að ferja farþega frá borði. Unnið var eftir drögum að nýrri viðbragðsáætlun fyrir hvalaskoðunarbáta og önnur farþegaskip sem æfð var í byrjun júní. Engan sakaði við strandið.

Flugatvik

Flugvél Icelandair var lent öryggislendingu á Keflavíkurflugvelli 18. maí er eitt af fjórum hjólum féll úr aftara hjólastelli vélarinnar. Lendingin gekk vel.

Annarri flugvél, sem var á leiðinni frá New York til Moskvu, var lent öryggislendingu á Keflavíkurflugvelli 16. ágúst 2012 vegna sprengjuhótunar. Lendingin gekk vel og engin sprengja fannst í flugvélinni.

Samningar við hjálparlið almannavarna

Þann 7. mars 2012 var skrifað undir endurskoðaðan heildarsamning ríkislögreglustjóra við hjálparlið almannavarna, Rauða krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Upphaflegur samningur er frá 1974 en hann hefur verið endurskoðaður reglulega. Endurskoðunin sem gerð var nú er í samræmi við reynsluna af hamförum á síðustu árum. Verkefnum hjálparliða almannavarna í hamförum hefur fjölgað m.a. vegna þess að þau taka nú þátt í veita upplýsingar með fjölmiðlateymi Samhæfingarstöðvarinnar og verkefnum í þjónustu-miðstöðvum almannavarna. Þá var einnig lokið við umdæmissamninga á árinu.

Futurevolc

Almannavarnadeildin er þátttakandi í stóru samevrópsku rannsóknarverkefni sem nefnist FutureVolc. Markmiðið með verkefninu er að þróa nýjar leiðir til að meta eldgos, forboða þeirra, útbreiðslu gosefna og jafnframt að samþætta rannsóknir á eldfjöllum, vöktunarkerfi þeirra, viðbúnaði og viðbrögðum vegna eldgosa. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð €6,000,000 og stendur verkefnið yfir í þrjú og hálft ár. Almannavarnadeildin tekur þátt í verkefninu og mun einbeita sér að því að rannsaka aðferðir við að miðla upplýsingum og viðvörunum. Vegna verkefnisins mun almannavarnadeildin hafa tök á að ráða sérfræðinga til rannsóknarstarfa.

Viðbragðsáætlanir og æfingar

Á árinu 2012 var gerð hópslysaáætlun fyrir Húsavík í tengslum við hvalaskoðunarbáta og önnur farþegaskip. Í tengslum við gerð áætlunarinnar var vettvangsæfing haldin 8.–9. júní á Húsavík og Skjálfanda. Áætlunin var uppfærð og gefin út 2. október. Hópslysaæfing var í Skagafirði 27. október í tengslum við áætlun sem verið er að vinna þar. „Skrifborðsæfing“ vegna farþegaferjunnar Norrænu og önnur farþegaskip var haldin 30. maí þar sem látið var reyna á nýja viðbragðsáætlun. Á hverju ári eru nokkrar flugslysaáætlanir yfirfarnar og uppfærðar. Æfingar eru haldnar á flugvöllum sem hafa leyfi fyrir áætlunarflug. Á árinu voru fjórar flugslysaáætlanir uppfærðar. Lokadrög viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda í Skorradal voru kynnt 14. júní fyrir sumarhúsaeigendum, íbúum og landeigendum á svæðinu. Íbúar á svæðinu fengu prófunarboð í farsíma með SOS-viðvörunarkerfi almannavarna 16. júní og „skrifborðsæfing“ er fyrirhuguð snemma á næsta ári. Ennfremur var unnið að handbók heilbrigðisþjónustunnar og almannavarna en hún er samvinnuverkefni almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, embættis landlæknis og sóttvarnalæknis. Almannavarnadeildin tók einnig þátt í æfingum Landsnets og Landsvirkjunar.

Ráðstefnur, kynningar og vinnufundir Nordred

Nordred er samvinnuvettvangur almannvarna á Norðurlöndunum. Norðurlöndin skiptast á formennsku í samstarfinu, til þriggja ára í senn. Noregur hefur gegnt formennsku síðustu þrjú ár, sem lauk með ráðstefnu 5.–7. september í Stafangri í Noregi. Á ráðstefnunni fóru fulltrúar Norðurlandanna yfir alvarlega og erfiða atburði sem almannavarnir og viðbragðsaðilar hafa þurft að takast á við á síðustu árum.

Skráning upplýsinga og bætt verklag eftir aðgerðir

Vinnufundur var haldinn í Kaupmannahöfn 16.–18. janúar á vegum dönsku almannavarnanna. Danir tóku við formennsku í Evrópusambandinu í byrjun árs og af því tilefni var starfsmönnum almannavarna í Evrópu boðið á fund í upplýsingastjórnun í aðgerðum. Tveir starfsmenn almannavarnadeildar sóttu fundinn.

Refox 2012

Dagana 22.–27. september var haldin stór æfing á vegum Geislavarnastofnunar Svíþjóðar og var um 400 þátttakendum boðið á æfinguna frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúar frá Geislavörnum ríkisins, tollstjóra, almannavarnadeild og sérsveit ríkislögreglustjóra tóku þátt í æfingunni.

Fræðslufundur samráðshópa landsins í áfallahjálp

Fræðsludagur var haldinn fyrir samráðshópa landsins í áfallahjálp 17. febrúar þar sem farið var yfir áherslur á sviði áfallahjálpar sem veitt hefur verið í áföllum síðustu ára. Fundinn sóttu fulltrúar frá öllum lögregluumdæmum landsins en nú hafa samráðshópar verið stofnaðir í þeim öllum. Ein af niðurstöðum fræðslufundarins var mikilvægi þess að lögreglan í umdæmunum starfi með hópunum og hafa flest umdæmi tilnefnt fulltrúa sína í hópana.

SOS-viðvaranir í farsíma

Á árinu var tekið í notkun viðvörunarkerfi, sem getur sent neyðarskilaboð (SMS) í farsíma. Kerfið virkar með þeim hætti að Neyðarlínan getur kallað fram alla farsíma innlenda og erlenda sem eru á þjónustusvæði símafyrirtækjanna á fyrirfram völdu landsvæði og sent þeim neyðarskilaboð með upplýsingum um aðsteðjandi eða mögulega hættu og gefið leiðbeiningar um viðbrögð. Kerfið hefur verið prófað nokkrum sinnum á árinu og hafa símafyrirtæki verið að leysa smáhnökra sem upp hafa komið. Boðin eru send frá númerinu 1-1-2 á íslensku og ensku. Viðvörunarkerfið er mikilvægt skref í að auka öryggi íbúa landsins og ferðamanna og hefur verið notað ásamt öðrum hefðbundnum viðvörunum almannavarna.

Alþjóðadeild

Frá árinu 2010 hefur umrót einkennt starfsemi alþjóðadeildar, m.a. með breytingum á vinnuskipulagi, starfsmannafjölda, húsnæði og starfsmannaveltu. Á miðju ári 2012 lauk þessum breytingum með ráðningu þriggja nýrra starfsmanna og síðan hefur verið leitast við að koma jafnvægi á starfsemina.

Áherslur á innviði deildarinnar

Unnið var að því að styrkja innviði starfseminnar með umbótastarfi á ýmsum sviðum, t.a.m. með því að formfesta starfsemina, hlutverk og afgreiðslu verkefna og skrásetja verkferla og vinnuleiðbeiningar. Hafin er vinna við að byggja upp handbók í málefnum útlendinga á innra vefsvæði alþjóðadeildar, með áherslu á starfsemi alþjóðadeildar með það þó í huga að hún nýtist jafnframt lögreglu. Þótt þessu starfi miði ágætlega er ljóst að leggja þarf talsverða vinnu í þennan þátt á næstu tveimur til þremur árum svo að handbókin verði jafn gagnleg og lagt var upp með.

Ennfremur var lagður grunnur að því að skilgreina betur samstarfið við innri og ytri samstarfsaðila og viðskiptavini alþjóðadeildar í því skyni að auka það, gera það markvissara, efla ímynd deildarinnar, þekkingu í henni og þjónustu.

Menntun og þjálfun

Lagt var upp með að veita þeim starfsmönnum sem ábyrgir eru fyrir samstarfi Europol, Interpol og Schengen viðurkennda menntun og þjálfun á vegum hins erlenda samstarfs. Þrír starfsmenn sóttu alls 5 námskeið árið 2012 er m.a. sneru að því að sýsla með samskiptakerfi, þjálfa nýja starfsmenn í notkun samskiptakerfanna og fá dýpri og meiri þekkingu á samstarfinu og þeim þáttum sem það hefur upp á að bjóða. Áfram verður unnið að þessum þáttum, samhliða því að skrásetja og miðla umræddri þekkingu og reynslu til annarra starfsmanna alþjóðadeildar, lögreglu og samstarfsaðila. Vel gekk að þjálfa nýja starfsmenn til starfa í deildinni en auk þess hélt deildin m.a. námskeið fyrir eigin starfsmenn og starfsmenn annarra lögregluembætta í SIENA, samskiptakerfi Europol. Lagður var grunnur að áætlun um menntun og þjálfun starfsmanna á öllum sviðum starfseminnar og verður henni hrint í framkvæmd á árinu 2013.

Erlent samstarf, ráðstefnur og fundir

Sparnaðaraðgerðir ríkisvaldsins í kjölfar efnahagshrunsins höfðu m.a. þau áhrif að tekið var fyrir nær allt erlent samstarf en við lok ársins 2011 skapaðist svigrúm að nýju til að sækja fundi og ráðstefnur sem æskilegar eru fyrir starfsemi deildarinnar og lögreglu á helstu sviðum erlends samstarfs. Á árinu 2012 fór Ísland áfram með formennsku í PTN-samstarfinu, sem að stórum hluta til fellur undir starfsemi alþjóðadeildar.

Tækja- og tæknimál

Innleiðingu á SIENA-samskiptakerfinu lauk á árinu og áfram er unnið að því að undirbúa innleiðingu á SIS II, nýju samskiptakerfi Schengen-samstarfsins, sem stefnt er að að verði tekið í notkun 7. apríl 2013.

Úttektir

Í apríl skilaði ríkislögreglustjóri lögbundinni skýrslu til Persónuverndar um innra eftirlit með Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi fyrir árin 2008 til 2011 og fram fór eftirfylgni á tveimur Schengen-úttektum sem fram fóru í nóvember 2011. Í október fór síðan fram úttekt SCH-EVAL-nefndar Evrópusambandsins (föstu eftirlitsnefndarinnar) á SIS/SIRENE-kerfunum, skráningar- og upplýsingakerfum Schengen-samstarfsins.

Rekstur alþjóðadeilar árið 2012

Rekstur alþjóðadeildar var innan fjárheimilda en vegna niðurskurðar á framlögum til ríkislögreglustjóra hefur á síðustu árum þurft að gera umtalsverðar breytingar á starfsemi deildarinnar og forgangsraða hefur þurft verkefnum.

Verkefni árið 2012

Á síðustu árum hefur verkefnum sem alþjóðadeild tekur til afgreiðslu á hverjum degi fjölgað jafnt og þétt. Daglega berst mikill fjöldi erinda og er stærstur hluti þeirra afgreiddur að fullu innan alþjóðadeildar en hluta er miðlað til afgreiðslu til hlutaðeigandi samstarfsaðila og viðskiptavina. Af því leiðir að deildin er með fjölmörg mál í vinnslu á hverjum tíma og því er mikilvægt að vel sé vandað til verka svo að málin fái viðunandi framgang og góð yfirsýn sé yfir stöðuna hverju sinni.

Fjarskiptamiðstöð

Ríkislögreglustjóri hélt þrjá fundi á árinu 2012 með starfsmönnum fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra þar sem lagt var mat á stöðuna hjá deildinni s.s. vegna uppfærslu á kerfum en sett var upp nýtt símaviðmót á árinu. Mikið samstarf var á milli eininga hjá embætti ríkislögreglustjóra og má í því sambandi nefna Samhæfingarstöðina, sem var virkjuð í tengslum við óveður, leitir og björgun. Einnig jókst samvinna á milli fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra og annarra viðbragðsaðila, s.s. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslunnar og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á árinu 2012. Samskipti við lögregluembættin voru mikil, bæði með heimsóknum og símafundum, og samhæfa þurfti aðgerðir í tengslum við stórar uppákomur, t.d. verslunarmannahelgi. Fundir voru haldnir um ýmis málefni en starfsmenn deildarinnar sitja sem fulltrúar í ýmsum nefndum og vinnuhópum á vegum embættisins og innan þess.

Greiningardeild

Í byrjun árs 2012 var gefin út skýrsla greiningardeildar um mat á skipulagðri glæpastarfsemi. Þar kemur m.a. fram að skipulagning bæði hvað varðar innflutning og framleiðslu fíkniefna er markvissari en áður. Þessar vísbendingar um umfang fíkniefnaframleiðslu hér á landi hafa vakið grunsemdir um að hluti framleiðslunnar sé fluttur úr landi en um þetta skortir enn frekari upplýsingar. Skýrsluna í heild sinni má nálgast á vef ríkislögreglustjóra.

Greiningardeild hefur umsjón með gagnagrunni og annast öryggisathuganir og útgáfu öryggisvottana. Þær vottanir lúta að einstaklingum sem starfa á haftasvæðum og þurfa, samkvæmt alþjóðlegum samningum, að gangast undir slíka athugun. Umfang og fjöldi slíkra vottana hefur farið vaxandi en þær voru rúmlega 700 árið 2012 en um 450 árið 2011. Þær eru flestar unnar í nánu samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum en fjöldi starfsmanna þar þarf á öryggisvottunum að halda vegna vinnu sinnar á haftasvæðum á Keflavíkurflugvelli.

Á árinu 2012 sóttu starfsmenn greiningardeildar sex fundi þar sem m.a. var fjallað um skipulagða glæpastarfsemi, vitnavernd og öryggismál og varnir gegn hryðjuverkum.

Sérsveit

Heildarfjöldi allra verkefna hjá sérsveitinni árið 2012 var 3.593, almenn löggæsluverkefni voru 3.104 og umferðarverkefni 489. Sérsveitarverkefni þar sem þjálfun og búnaður sveitarinnar var nýttur víðs vegar um landið voru 249. Af þeim voru sérsveitarmenn vopnaðir í 72 tilfellum og á mynd 2 má sjá í hvaða flokka verkefnin skiptust.



Mynd 2. Verkefni sérsveitar árið 2012.

Aðstoðarhlutverk sérsveitar felst m.a. í vopnuðum og leynilegum innferðum, handtökum hættulegra brotamanna og varasömum ökutækjastöðvunum. Flestar aðstoðarbeiðnir komu frá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða samtals 27. Fangaflutningar komu þar fast á eftir, eða 26. Einnig styrkti sérsveitin almenna löggæslu á hátíðum og samkomum í Reykjanesbæ, Garði, Stykkishólmi, Ísafirði, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Húsavík og Vestmannaeyjum. Algengustu vopnatilkynningar sem berast sérsveitinni eru tilkynningar um einstaklinga vopnaða skotvopnum og voru þær tilkynningar 30 talsins. Þar á eftir koma tilkynningar um einstaklinga vopnaða egg- eða stunguvopni, eða 21. Öryggisgæsluverkefnin voru margs konar en þau fólust m.a. í fylgd vegna eyðingar efna eða hluta, gæslu borgara vegna ógnunar frá öðrum, gæslu innlendra og erlendra sendiráða, vöktun hafnarsvæða, sérstöku varðgæslueftirliti með opinberum byggingum og peningaflutningum. Sérsveitin sér um kennslu við þjálfun lögreglumanna og lögreglunema og í öðrum löggæslustofnunum, sem og öðrum opinberum stofnunum og hjá einkaaðilum. Viðfangsefni kennslunnar er m.a. mannfjöldastjórnun, skotvopnaþjálfun, öryggismál á vinnustöðum og hafnar- og flugvernd. Þá hafa aldrei fleiri sprengjutengd verkefni verið skráð hjá sérsveitinni en á árinu 2012, 20 verkefnunum var sinnt í 28 verkþáttum. Tvö stærstu sprengjumál ársins voru annars vegar sprengja á Hverfisgötu og hins vegar röraprengja, gaskútar og blýkúlur sem fundust við húsleit. Þá var í fyrsta skipti lagt hald á sprengiefni í húsnæði MC-samtakanna hér á landi en um var að ræða tæplega 1 kg af dýnamíti. Köfunarverkefni ársins voru leitarköfun að munum, rannsóknarköfun vegna banaslyss og vinna við að lyfta lögreglubifhjóli upp úr tjörn. Undir verkefni tengd almannavörnum er eingöngu átt við fræðslu og æfingar. Einungis kom upp eitt verkefni á báti, löggæslueftirlit á hafnarsvæði Reykjavíkur með aðstoð Landhelgisgæslunnar.

Tæknistofa

Almannavarnir boðuðu til flugslysaæfingar á Keflavíkurflugvelli 5. maí 2012. Sex meðlimir kennslanefndar tóku þátt í æfingunni. Þá var tækifærið notað til þess að skoða væntanlegt söfnunarsvæði látinna á Keflavíkurflugvelli. Árlegur norrænn kennslanefndafundur var haldinn í Vedbæk í Danmörku 2.–4. september 2012. Fundinn sátu 49 fulltrúar allra Norðurlandanna. Á honum var farið yfir skipulag og störf kennslanefnda og rætt um samstarf Norðurlandanna á þessu sviði. Næsti fundur verður haldinn í septembermánuði 2013 í Svíþjóð. Kennslanefnd barst ekkert erindi á árinu 2012 en safnaði saman upplýsingum um íslenskan sjómann sem fórst við Noregsstrendur og kennsl voru borin á í Noregi.

Stjórnsýslusvið

Ríkislögreglustjóri fer með veigamikil stjórnsýsluverkefni á sviði löggæslunnar í landinu. Verkefni sviðsins eru fjölbreytt en meðal þeirra má nefna: starfsmanna- og mannauðsmál, samræmingu og innra eftirlit, skjalavörslu, einkennisföt og búnaðarmál, fjölmiðlasamskipti, tölfræði, þróun, peningaþvætti, lögregluhunda og lögfræðileg málefni.

Þann 1. apríl og 1. nóvember 2012 voru gerðar nokkrar breytingar innan stjórnsýslusviðs. Stofnuð var stoðdeild við embætti ríkislögreglustjóra en með því voru sameinuð viðfangsefni sem aðallega byggðust á stuðningi við lögregluembættin. Peningaþvættisskrifstofa, sem fram til 1. september 2011 var hluti af efnahagsbrotadeild, var gerð að sérstakri deild frá og með 1. apríl 2012. Þá voru verkefni skrifstofudeildar og mannauðs- og tölfræðideildar sameinuð undir nýrri deild þróunar og mannauðs. Jafnframt hefur verkefnastjóri gæðamála starfað á sviðinu frá 1. nóvember. Þá tók nýr sviðsstjóri við sviðinu þann 1. nóvember. Í árslok 2012 voru starfsmenn stjórnsýslusviðs 12, þar af þrír lögreglumenn.

Þróun og mannauður

Hlutverk deildarinnar er þríþætt: 1) mannauðs- og gæðamál, 2) afbrotatölfræði og útgáfa, og 3) móttaka og skjalavarsla. Helstu verkefnin á árinu 2012 voru þau sem talin eru hér að neðan.

Afbrotatölfræði

Í desember 2012 var gefin út Afbrotatölfræði 2011 þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot greind eftir brotaflokkum og lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Afbrotatíðindi voru birt mánaðarlega á vef lögreglunnar en það eru stuttar samantektir um brot í hverjum mánuði auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar.

Embætti ríkislögreglustjóra hélt árlegan fund afbrotavarnaráða Norðurlanda á Nesjavöllum dagana 9.–11. maí. Fulltrúar landanna gerðu grein fyrir helstu verkefnum og eða rannsóknum á sviði afbrotavarna. Á fundinum var m.a. rætt um skipulagða glæpastarfsemi og áhersla lögð á að ræða „1% vélhjólagengin“ og önnur glæpagengi. Þá var einnig sjónum beint að frávikshegðun barna og ungmenna og ítrekaðri afbrotahegðun.

Haustið 2012 var tölfræði um afbrot innan hvers lögregluumdæmis gerð aðgengilegri fyrir allt landið með svokölluðum tölfræðiteningi. Þessari framsetningu er ætlað að auðvelda vinnslu á afbrotatölfræði og nánari greiningu á afbrotum. Sérstakt námskeið var haldið í Lögregluskólanum í lok árs fyrir lögregluumdæmi landsins í tengslum við þetta verkefni.

Ýmsar kynningar um þróun afbrota fóru fram, m.a. fyrir erlenda gesti, menntaskólanemendur og Umferðarráð auk þess sem starfsmenn frá EDDU – öndvegissetri leituðu til embættisins í tengslum við rannsókn á nauðgunarmálum sem setrið vann að á árinu 2012.

Gæðateymi ríkislögreglustjóra

Haustið 2012 stofnaði ríkislögreglustjóri gæðateymi. Hlutverk þess er að endurskoða og halda við Handbók embættisins, auk þess að gæta þess að skráðir verkferlar og vinnulýsingar séu í samræmi við verklag hverju sinni. Fyrsta verkefni teymisins árið 2012 var að ákveða stefnu, markmið og verklag. Markmið verkefnisins er að uppfæra það efni sem þegar hefur verið skráð og jafnframt færa á blað óskráða verkferla, samræma útlit og gera efnið aðgengilegt öllum starfsmönnum embættisins. Verkáætlun hefur verið gerð til vorsins 2013 og verður hún endurskoðuð þá.

Jafnréttismál lögreglunnar

Árlegur fundur jafnréttisnefndar lögreglunnar var haldinn í maí síðastliðnum en á fundinum var jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar m.a. endurskoðuð og rætt var um möguleikann á frekara norrænu samstarfi. Í kjölfar fundarins var jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar endurútgefin í júní. Þá var í október haldinn fræðslufundur jafnréttisfulltrúa embætta með jafnréttisnefnd lögreglunnar. Fundurinn fór vel fram og hlýddu jafnréttisfulltrúarnir m.a. á fræðsluerindi um hlutverk jafnréttisfulltrúa og kennslu í gerð framkvæmdaáætlunar.

Á árinu barst eitt formlegt erindi til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar.

Hjá embætti ríkislögreglustjóra var á árinu gefin út framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Með henni er haldið utan um kyngreindar tölfræðiupplýsingar er snúa að starfsemi embættisins. Þar er m.a. kynskiptum upplýsingum safnað saman um starfsmenn embættisins, starfsmannaveltu, launa- og hlunnindagreiðslur, ráðningar o.fl.

Félagastuðningur

Á árinu var nemendum í Lögregluskóla ríkisins kenndur félagastuðningur með hefðbundnum hætti. Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi þar sem félagastuðningur er viðhafður og ber að tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Ásókn í sálfræðiþjónustu á árinu 2012 var svipuð og árið á undan, greitt var fyrir sálfræðiþjónustu fyrir 52 starfsmenn en 46 árið 2011. Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölunum samkvæmt samningi en

lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér löggildan sérfræðing til að sækja viðtöl hjá. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins sem er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra.

Forvarnir og samstarf

Starfsmaður stjórnsýslusviðs sat í SAMAN-hópnum líkt og undanfarin ár en þetta var síðasta árið sem að ríkislögreglustjóri hefur fulltrúa í hópnum. Ríkislögreglustjóri hefur frá árinu 2002 átt fulltrúa í hópnum og hefur það samstarf verið farsælt en vegna breyttra áherslna og verkefna hjá embættinu var tekin sú ákvörðun í lok árs að draga okkur úr hópnum. Hins vegar mun embættið aðstoða hópinn ef hann telur að það geti orðið að liði og verður starfsmaður stjórnsýslusviðs tengiliður við hópinn.

Ár hvert tekur ríkislögreglustjóri þátt í verkefninu Göngum í skólann. Að þessu sinni var átakinu hrundið af stað miðvikudaginn 5. september í Kelduskóla í Grafarvogi. Við setningarathöfn verkefnisins töluðu m.a. Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla, en það var svo velferðarráðherra, Guðbjartur Hannesson, sem hleypti verkefninu formlega af stokkunum. Heimasíða verkefnisins er www.gongumiskolann.is.

Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra

Árið 2012 bárust skrifstofunni 352 tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum,[2] sem er fjölgun frá árinu á undan en þá voru þær 208. Aðrar tilkynningar voru átta. Alls var 31 mál sent lögreglu til þóknanlegrar meðferðar og eitt mál Seðlabanka Íslands. Samskipti við erlendar peningaþvættisskrifstofur (*Egmont Secure Web*) voru þó nokkur á árinu 2012 en átta erindi bárust og tvær fyrirspurnir voru sendar.

Eitt af hlutverkum peningaþvættisskrifstofu er að veita fræðslu um peningaþvætti en haldnar voru sex kynningar á árinu en það voru kynningar fyrir Landsbankann, Arion banka, Íslandsbanka, MP banka, HF Verðbréf og Lýsingu. Auk þess tók peningaþvættisskrifstofa þátt í ráðstefnu samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi og Arion banka um varnir gegn peningaþvætti. Hún var haldinn 29. nóvember síðastliðinn en ríflega 100 manns úr aðildarfélögum samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi, stjórnsýslunni og öðrum geirum sem eiga hagsmuna að gæta sóttu fundinn. Auk erinda frá forstjóra Fjármálaeftirlitsins og sérfræðinga frá embætti ríkislögreglustjóra um varnir gegn peningaþvætti fóru þrír norskir sérfræðingar yfir hvað norsk stjórnvöld og þarlend fjármálafyrirtæki hafa verið að gera til að spyrna gegn peningaþvætti.

[2] Tilkynningarskyldir aðilar eru öll fjármálafyrirtæki á Íslandi, tryggingarfélög, fasteigna- og skipasölur, verðbréfafyrirtæki o.fl.

Á vegum og í boði Europol var haldinn fundur í svonefndum Sustrans-hópi dagana 13. og 14. nóvember, í Haag í Hollandi, þar sem peningaþvættisskrifstofur Evrópu báru saman bækur sínar.

Stoðdeild

Hlutverk stoðdeildar er fyrst og fremst að vera stuðningur við lögregluembættin. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en undir hana falla m.a. málefni tæknistofu, fíkniefnaflokkurinn, þ. á m. þjálfun lögregluhunda, umferðarlöggæsla o.fl. Deildin kom töluvert að gerð og uppfærslu reglna á árinu 2012, s.s. reglum um haldlagningu, skráningu, meðferð og eyðingu fíkniefna og reglna sem varða umferðarmál.

Fíkniefna- og sprengjuleitarhundar

Árið 2012 var annasamt hjá lögregluhundateymunum. Hundarnir voru notaðir við fjölda mála og hefur nýting þeirra aukist jafnt og þétt og eins skilningur lögreglumanna á notagildi hundanna. Þá tók til starfa í mars 2012 sprengjuleitarhundur en heyrir hann ásamt umsjónarmanni sínum undir sérsveit ríkislögreglustjóra. Það teymi hefur haft í miklu að snúast síðan það hóf störf og skilað góðu starfi. Fíkniefnaleitarhundar eru nú staðsettir í sex embættum, hjá lögreglunni á Selfossi, lögreglunni í Vestmannaeyjum, lögreglunni í Borgarnesi, lögreglunni á Blönduósi, lögreglunni á Akureyri og lögreglunni á Sauðárkróki (í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra). Eins fylgir hundateymi Fangelsismálastofnunnar gæðakerfi embættis ríkislögreglustjóra og er góð samvinna á milli stofnananna um nýtingu hundanna. Sumir lögregluhundanna eru einnig þjálfaðir í sporleit og leit að fólki í snjóflóðum.

Yfirþjálfari lögregluhunda tók virkan þátt, ásamt fleiri sérfræðingum frá Evrópulöndunum, í verkefni á vegum Frontex, er fólst í að samræma, semja og setja upp kennsluefni fyrir leiðbeinendur lögregluhunda í Evrópu. Þá fór yfirþjálfari víða um Evrópu bæði til að kenna og eins til að halda fyrirlestra um þjálfun lögregluhunda. Samstarf ríkislögreglustjóra vegna hundamála við önnur lögreglulið í Evrópu hefur eflst mikið á síðustu árum og hafa löggæslustofnanir í Evrópu sýnt mikinn áhuga á því hversu góð íslensk lögregluhundateymi eru.

Umferðarlöggæsla

Varið var 47 milljónum króna til sérstaks umferðareftirlits og sjálfvirks hraðaeftirlits á árinu 2012. Skiptist fjárhæðin þannig að til sérstaka umferðareftirlitsins var varið 33 milljónum króna og til sjálfvirka hraðaeftirlitsins 14 milljónum króna. Alls tóku 13 lögregluembætti þátt í eftirlitinu. Eftirlitið var skipulagt í samræmi við umferðaröryggisáætlun, sem er hluti af samgönguáætlun

Alþingis. Þar sem dregið hefur verið úr fjármagni til umferðaröryggismála var ekki hægt að halda úti ölvunareftirliti árið 2012.

Hraðaeftirliti var haldið úti sumarið 2012. Við það eftirlit var hraðakstur sérstaklega vaktaður en jafnframt voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 2.157, þar af 1.683 vegna hraðaksturs, eða um 78%. Ljósanotkun var ábótavant í 129 tilvikum en önnur brot sem leiddu af eftirlitinu voru 345. Alls tóku 13 lögregluembætti af 15 þátt í eftirlitinu.

Stafrænar hraðamyndavélar

Skráð voru 18.887 hraðakstursbrot með stafrænum hraðamyndavélum á árinu 2012, eða um 59% allra skráðra hraðakstursbrota. Eru þetta fleiri brot en árið á undan, en þá var heildarfjöldi brota sem skráður var með stafrænum hraðamyndavélum 13.238. Að meðaltali voru hraðakstursbrot um 52 á dag allt árið. Á árinu voru 17 stafrænar hraðamyndavélar virkar en árið á undan voru þær 15 talsins. Fyrstu vélarnar voru settar upp í júlí 2007 og hafa því verið virkar í 5½ ár.

Eftirlit með lögreglustöðvum

Á árinu fór fram skipulagt eftirlit með lögreglustöðvum á landinu. Tilgangur eftirlitsins var að framfylgja c-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Markmið eftirlitsins var að skoða eftirfarandi þætti: lögreglutæki og búnað þeirra, öryggisþætti á lögreglustöðvum, þjálfun lögreglumanna, búnað lögreglumanna, fíkniefnaleitarhunda og almenn samskipti. Farið var yfir alla ofangreinda þætti og kannað sérstaklega hvernig tækja- og búnaðarmál stæðu hjá lögreglunni almennt. Gerð var skýrsla um niðurstöður heimsóknanna og var hún send innanríkisráðherra í desember.

Lögfræðideild

Mikil samræmingarvinna fór fram hjá lögfræðideild þegar reglur og leiðbeiningar voru endurskoðaðar á árinu. Nýjar verklagsreglur um vettvangsskýrslur voru samdar og reglur vegna setningar eða skipunar í stöðu lögreglumanns og nýjar reglur um ökutæki lögreglunnar voru settar. Ennfremur voru gerðar reglur um haldlagningu, skráningu, meðferð og eyðingu fíkniefna og leiðbeiningar um verklag lögreglu við haldlagningu kannabisplantna. Þá voru gerðar reglur um hraðamælingar úr þyrlu og um sjálfvirkar hraða- og rauðljósamyndavélar. Þá var einnig unnið að innri málefnum kennslanefndar og uppfærðar reglur og starfslýsingar.